

Jafnframt því að tjá yður, herra sýslumaður, þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að þjer með fyrsta pósti skýrið mjer frá, hvernig peningaástandið er nú í sýslunni, og framvegis getið peningaástandsins í missirisskýrslum yður um ástand almennings.

1875

43

9da
júni.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 5. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Sökum bónarbrjefs þess, er sent var með þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 19. mars síðastl., og þar sem forstöðunefnd verzlunarfjelags, sem stofnað er í Húnavatnssýslu, beiðist leyfis til að mega á næsta sumri senda skip til verzlunar á Blönduós, skal til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að greint verzlunarfjlag, ef það hefur fasta verzlun á Íslandi, hefur rjett til að reka verzlun þá, sem getur um í opnu brjefi frá 19. maí 1854, en að það, ef öðruvisi er ástatt, ekki verði leyft því að sigla til verzlunar á aðrar hafnir en hina löggiltu verzlunarstaði, með því að slíkt mundi ekki geta samrýmzt við hina íslenzku verzlunarlöggjöf».

Þetta eruð þjer herra amtmaður beðnir að tjá hlutaðeigöndum.

44

9da
júni.

Skýrsla frá amtmanninum yfir suður- og vestur-umdæminu til landshöfðingja um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

45

14da
júni

Eptir að hafa meðtekið háttvirt brjef herra landshöfðingjans, dags. 7. f. m., gjörði jeg í brjefum til sýslumanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu og Árnes-sýslu, dags. s. d., þessar fyrirskipanir í tilefni af fjárkláðanum: a ð í öllum þeim sveitum þar sem fjeð eptir hinum síðustu skoðunum, sem þá höfðu fram farið, yrði álitíð grunað, skyldi framvegis fjórtánda hvern dag framkvæma skoðun á öllum fjárhópum þeim, sem grunaðir væru; a ð eigendur slíkra kinda ekki mættu láta þær koma saman við annað fje eður hleypa þeim á afrijet, fyrri en að svo langur tími væri liðinn frá því, að þær hefðu verið baðaðar og kláðavottur síðast fundizt í þeim, að álíta mætti þær allæknaðar; a ð í þeim sveitum, þar sem spurning gæti orðið um, að fje hefði strokið á afrijet, skyldi smala afrijetinn, áður en skoðað og baðað væri; a ð skoðanirnar skyldi vanda sem best mætti verða, og sjerstaklaga skyldi hafa gætur á því, í hvert sinn og skoðanir færur fram, að allt það fje, er taldist við hina síðustu skoðun, væri við, og telja skyldi kindurnar við hverja skoðun. Einnig lagði jeg svo fyrir, að dýralæknir Snorri Jónsson skyldi vera við skoðanirnar í Gullbringusýslu, og þar eð ástandið þar var ískyggilegast og framkvæmdirnar erfiðastar. sökum margra kringumstæða, mátti það álitast óskilegt, að sýslumaður eður annar maður með embættisvaldi sýslumanns einnig væri við skoðanir þessar, til þess að sjá um framkvæmd þeirra, og gjöra með dýralækninum ráðstafanir þær, er nauðsynlegar þóttu; en með því sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sökum annara embættisverka, ekki tjáðist hafa tíma til þessa, þá skipaði jeg til þessa starfa landshöfðingjaritara Jón Jónsson, sem ásamt dýralækninum framkvæmdi skoðanirnar í Grindavíkurbhreppi, Hafnahreppi, Rosmhvalaneshreppi og Vatnsleysustrandarbhreppi frá 19. til 25. f. m.

Eptir skýrslu þeirri, er dýralæknirinn og hinn setti lögreglustjóri síðan hafa samið og sent amtinu, og sem dagsett er 31. f. m., fannst enginn kláði í Hafnahreppi, en þar á móti í hinum þrem tilgreindu hreppum í 244 kindum alls af 3247, sem skoðaðar voru. Ítarlegar fyrirskipanir hafa verið gjörðar um tvær baðanir og heimagæzlu á hinu sjúka og grunaða fje, hreppunum skipt í baðsveitir og baðstjórar skipaðir. Síðan hef jeg fundið ástæðu til að ítreka þá skipun í brjefi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags.

1875

45
14da
júni

3. þ. m., að allsstaðar þar sem kláðinn er, skuli halda fjenu í sterkri heimagæzlu unz það er allæknað, og unz þetta eptir að hinar fyrirskipuðu tvær baðanir hafa fram farið, er sannað með nýjum skoðunum undir umsjón dýralæknisins eður öðru eptirliti, sem kann að verða fyrir skipað, og fjáreigendurnir þar eptir hafa fengið leyfi yfirvaldanna til að sleppa fje sínu úr hinni sterku gæzlu.

Frá Borgarfjarðar- og Árnessýslum hef jeg ekki enn fengið neinar skýrslur um fjárskoðanirnar, síðan jeg sendi herra landshöfðingjanum hina síðustu skýrslu mína, dags. 6. f. m., en eptir því, sem jeg gat til spurt á embættisferð minni til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og eptir því sem hlutaðeigandi sýslumaður þá skýrði mjer frá, hefur ekki nýlega orðið kláðavart við skoðanirnar í Borgarfjarðarsýslu, nema á Efstabæ í Reykholtssdal, sem er sá bær, sem um er getið í fyrnefndri skýrslu minni að skornar hefðu verið 116 fullorðnar kindur eptir fyrirmælum amtsins. Eptir skýrslu, er jeg síðar meðtók frá sýslumanninum, hafði niðurskurður þessi ekki átt sjer stað, en þegar jeg skrifaði hina umgetnu skýrslu mína, hafði jeg engan grun um annað, en að niðurskurður þessi fyrir nokkru síðan væri um garð genginn, og þessi ætlun mín var byggð á þeirri skýrslu sýslumannsins, er fylgdi með brjefi mínu til yðar, hávelborni herra, þar sem sýslumaðurinn skýrir frá, að hann sjálfur hafi farið til ofanefnds bæjar, gjört hinar nauðsynlegu ráðstafanir til niðurskurðarins og látið virða hinar umgetnu 116 kindur; en án þess sýslumaðurinn fengi af því að vita, fyr en að nokkrum tíma liðnum, hafði niðurskurðurinn eigi fram farið, heldur hafði fjáreigandinn verið farinn að lækna fje sitt, og hefur því verið áfram haldið, en fjeð haft undir sterku eptirliti á kostnað fjáreigandans, svo eigi geti öðru fje verið af því hætta búin.

Þó heilbrigðisástand sauðfjárins í Borgarfjarðarsýslu þannig virðist vera nokkurn veginn viðunandi og mun geta orðið alltryggilegt, þegar búið er að bæða allt fje, sumt tvisvar en sumt einu sinni, eins og verið hefur fyrirskipað, bera menn fyrir vestan Hvítá hinn mesta ótta fyrir hættu og útbreiðslu fjárláðans þaðan; þess vegna hefur verið settur vörður meðfram Hvítá með tilstyrk Norðlendinga, og hefur amtið fyrir sitt leyti samþykkt vörð þenna eptir beiðni, sem komið hefur frá sýslunefndunum í Mýra- og Dalasýslu og frá fundi í hinni fyrnefndu sýslu og í tilefni af beiðni frá Snæfellsnessýslu, sem að visu ekki nefnir heinlínis Hvítárvörð, en amtsráð Vesturamtsins hefur ákveðið að greiða skyldi úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins tiltölulegan hluta á móts við Norður- og Austuramtið (og ætla jeg í þessu tilliti að leita samkomulags við hlutaðeigandi amtmann) af þeim helmingi varðkostnaðarins, sem eptir tilsk. 4. marz 1871, 5. gr. á að greiðast úr jafnaðarsjóðnum, þegar verðir eru skipaðir á kostnað fleiri amta, en þar eð vörður þessi ekki álfzt að geta orðið nægilega tryggilegur, hefur einnig verið fyrirskipað heimagæzla sauðfjárins í Borgarfjarðarsýslu á þessu sumri.

46
14da
júni.

Brjef landshöfðingja (til sýslunefndanna í Suður- og Norður-Múlasýslum).

Undir eins og öskufall það, er átti sjer stað 29. marz þ. á. um fleiri hreppa í Múlasýslum, frjettist til Kaupmannahafnar, gengu nokkrir menn þar í nefnd til að safna gjöfum handa þeim, er orðið höfðu fyrir skaða af jarðeldi og öskufalli hjer á landi.

Þessi nefnd hefur með síðasta pósti sent mjer af gjöfum þeim, sem þegar voru komnar inn, áður en póstskipið fór frá Kaupmannahöfn, 10,000 krónur, og falið mjer á hendur að skipta þessum peningum milli sveita þeirra, er hafa orðið fyrir skaða eptir þeim skýrslum, sem eru fyrir hendi. Eptir að jeg nú með brjefi frá 1. þ. m. hef meðtekið skýrslur þær, sem hlutaðeigandi sýslumenn hafa sent amtinu, hef jeg ákveðið að gefa hinni heiðruðu sýslunefnd ráð á helmingi hinnar nefndu upphæðar eða 5000 krónum,